

verður talið að réttindi og skyldur skv. húsaleigusamningnum færist yfir á gerðarþola Guðmund á neinn þann hátt sem gerðarþoli Guðmundur heldur fram, verður að viðurkenna rétt gerðarbeiðanda á að fá gerðarþola Guðmund borinn út úr húsnæði því sem hann hefur haft til afnota að Nordurtúni 20, Bessastaðahreppi.

Eftir atvikum þykir þó rétt að fella málskostnað niður.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Útburðargerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. júní 1988.

Nr. 45/1988. **Jón Jóhannsson og**

Samvinnutryggingar g.t.

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Guðmundi Péturssyni

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1987 til þingfestingar 1. febrúar 1988. Þá varð útvíst af þeirra hálfu. Þeir skutu málinu á ný til Hæstaréttar skv. heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 9. febrúar 1988.

Dómkröfur þeirra eru þær, að þeir verði sýknaðir og stefnda gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram fóru eigi fram yfirheyrslur fyrir dómi í máli þessu, heldur létu aðiljar lögreglurannsókn nægja.

Mál þetta snýst um það, hvort aðaláfrýjandinn, Jón, hafi ekið með aðalljósum fyrir áreksturinn eða ekki. Stefndi hefir sönnunarbyrðina fyrir því að bifreiðinni K-671 hafi verið ekið ljóslausri er áreksturinn varð, svo sem haldið er fram í héraðsstefnu. Í lögregluskýrslu, sem tekin var strax eftir slysið, er þess ekki getið, að stefndi, Guðmundur, hafi minnst á þetta, heldur er m.a. bókað eftir honum, að honum hafi „með einhverjum hætti sést yfir þá bifreið“.

Vitnið Kristján J. Pétursson, er var farþegi í framsæti bifreiðarinnar A-10663, er áreksturinn varð, bar hjá lögreglu hinn 14. nóvember 1986 m.a.: „Ég er alveg sannfærður um að bifreiðinni K-671 var ekið án fullra ökuljósa. Ég gæti þó trúað að stöðuljós bifreiðarinnar hafi verið kveikt.“

Í hinum áfrýjaða dómi er rakinn framburður vitnisins Björns Pálssonar hjá lögreglu 18. nóvember 1986. Í framburði þessum sagði hann m.a. að hann væri „þess alveg fullviss að engin afturljós loguðu á bifreiðinni“ (þ.e. K-671). Ennfremur bar hann: „Ég held að framljós bifreiðarinnar hafi ekki logað heldur.“

Engin rannsókn hefir farið fram á því, hvernig það má vera, að Kristján J. Pétursson telur að kveikt hafi verið á stöðuljósum bifreiðarinnar K-671, en vitnið Björn Pálsson kveðst þess fullviss að engin afturljós hafi logað á bifreiðinni.

Er vitnið Björn ók á eftir K-671 í umrætt sinn, var einn bíll á milli. Óupplýst er hvernig gerðar hann var. Vitnið Björn gat því ekki örugglega séð, hvort framljós K-671 voru tendruð fyrir áreksturinn.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, telst það ósannað, gegn andmælum aðaláfrýjandans Jóns Jóhannssonar, að hann hafi ekið ljóslaus, er áreksturinn varð. Ekki er heldur sannað að árekst-

urinn stafi af vanbúnaði bifreiðarinnar K-671. Telst stefndi Guðmundur því hafa átt alla sök á árekstrinum með því að beygja til vinstri í veg fyrir bifreiðina K-671 andstætt niðurlagsákvæði 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er þá voru í gildi.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda í máli þessu, en rétt þykir, með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Jón Jóhannsson og Samvinnutryggingar g.t., eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnda, Guðmundar Péturssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara og Hjartar Torfasonar, setts hæstaréttardómara.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Svo virðist sem það hefði getað orðið til skýrleiksauka, ef sjónarvottar hefðu verið kvaddir til vitnisburðar fyrir héraðsdómi ásamt þeim lögreglumönnum, sem á slystað komu, en málið þykir þó nægilega upplýst með þeim skýrslum, sem gefnar voru við lögreglurannsókn.

Slysið varð á fjölförnum gatnamótum, og bar áfrýjanda Jóni að gæta varúðar við akstur yfir þau þrátt fyrir biðskyldu á Hlíðarbraut gagnvart Hörgárbraut, sbr. c-lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Með tilliti til þessa og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að gera áfrýjendum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 35.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jón Jóhannsson og Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnda, Guðmundi Péturssyni, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 1. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. október sl., hefur Guðmundur Pétursson, nnr. 3098-7888, Einholti 16 b, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 2. apríl 1987, á hendur Jóni Jóhannssyni, nnr. 5153-7599, Syðra-Vatni, Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu, og Samvinnutryggingum g.t. hf., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

Eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 155.000,00 með 9% ársvöxtum frá 11. nóvember 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þ.d. til 14. apríl s.á., en ársdráttarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá á hverjum tíma sbr. 9. og 10. gr. sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómara.

Málsatvik eru þau að þriðjudaginn 11. nóvember 1986 um kl. 17:40 varð árekstur á mótum Hörgárbrautar og Hlíðarbrautar á Akureyri milli bifreiðanna K-671 og A-10663. Eigandi og ökumaður A-10663 var stefnandi máls þessa en eigandi og ökumaður K-671 var stefndi Jón Jóhannsson og tryggingafélag þeirrar bifreiðar stefnda Samvinnutryggingar g.t.

Áreksturinn varð með þeim hætti að bifreiðinni K-671 var ekið norður Hörgárbraut, en bifreiðinni A-10663 var ekið suður sömu götu, en er hún kom að gatnamótum Hlíðarbrautar sveigði ökumaður til vinstri í veg fyrir K-671 og hugðist aka austur Hlíðarbraut. K-671 skall þá á hægri hlið A-10663. Við áreksturinn urðu miklar skemmdir á bifreiðinni A-10663 og hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna þeirra.

Byggir stefnandi kröfu sína á því að stefndi Jón, ökumaður K-671, eigi sök á árekstri þessum með því að aka bifreið sinni of hratt miðað við aðstæður, ljóslausri og vanbúinni í greint sinn, og brjóta með því ákvæði umferðarlaga.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi valdið árekstrinum og einn átt sök á honum með ólögætum og mjög ógætilegum akstri.

Af hálfu stefndu er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að bifreiðinni K-671 hafi verið ekið án ökuljósa eða með þeim hætti að öðru leyti að nokkur gild rök séu til þess að sakast við hann um áreksturinn.

Í máli þessu leikur ekki vafi á um sök stefnanda. Ekkert er fram komið um að stefndi Jón hafi ekið óeðlilega hratt og af gögnum málsins verður ekki séð að bifreið hans K-671 hafi verið vanbúin þannig að áreksturinn verði til þess rakinn. Verður sök á hendur ökumanni K-671 því eigi byggð á þessum atriðum.

Eins og að framan greinir heldur stefnandi því fram, að bifreiðin K-671 hafi verið ljóslaus. Þess vegna hafi hann ekki séð bifreiðina, en myrkur

var er umræddur árekstur varð. Þessu mótmæla stefndu eins og að framan greinir.

Rétt þykir að rekja gögn málsins að því er þetta atriði varðar. Yfirheyrslur hafa ekki farið fram hér fyrir dóminum, en fram hafa verið lagðar lögregluskýrslur í málinu.

Stefndi Jón Jóhannsson, ökumaður K-671, fullyrkti við lögreglu á vettvangi, að hann hefði ekið með lág ökuljós tendruð. Hann hefur síðan tvisvar gefið skýrslu hjá lögreglu og haldið fast við þennan framburð sinn.

Ökumaður A-10663, Guðmundur Pétursson, stefnandi máls þessa, skýrði lögreglu svo frá á vettvangi, að „sér hefði með einhverjum hætti sést yfir þá bifreið“ (þ.e. K-671). Við síðari yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst stefnandi hafa mótmælt því að ökumaður K-671 hefði verið með full ökuljós; kvaðst hann hvorki hafa séð ljós né ljósbjarma þegar hann beygði í veg fyrir K-671. Kvaðst hann eftir áreksturinn hafa tekið eftir því að aðeins stöðuljós K-671 voru kveikt.

Vitnið Kristján Jakob Pétursson, farþegi í bifreiðinni A-10663, skýrði svo frá fyrir lögreglu að hann væri sannfærður um að K-671 hefði verið ekið án fullra ökuljósa. Kvaðst hann muna að eftir áreksturinn hefðu stöðuljós K-671 logað nema hægra stöðuljósið. Kvaðst vitnið hafa setið í hægra framsæti A-10663 og ekki orðið vart við K-671 fyrr en rétt í þann mund er áreksturinn varð.

Vitnið Björn Pálsson kvaðst hafa ekið norður Hörgárbraut í greint sinn á eftir K-671, en ein bifreið hafi verið á milli bifreiðanna. Kvaðst hann engin afturljós hafa séð á bifreiðinni K-671 og vera þess fullviss að engin afturljós hefðu logað á henni. Kvaðst hann halda að framljós K-671 hefðu heldur ekki logað. Hann hefði ekki séð neinn ljósbjarma skella á bifreiðinni A-10663 þegar áreksturinn varð og því fundist mjög líklegt að ekki hefðu verið kveikt ökuljós á K-671. Kvaðst hann þó ekki alveg fullyrða það.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu skýrði stefndi Jón Jóhannsson m.a. svo frá: „Eftir að ég var sestur inn í lögreglubílinn þá kom þangað lögreglumaður sem tók skýrsluna af mér, K. J. Kristjánsson. Sagði hann að lága geislann vinstra megin vantaði á bifreið mína, margtók hann þetta fram, en ég mótmælti. Eftir að skýrslutökunni lauk kallaði ég þennan lögreglumann að bifreiðinni og sýndi honum að ljósin voru í lagi, þ.e. vinstra, því hægra brotnaði í árekstrinum.“

Samkvæmt þessu, svo og því sem að framan er rakið, þykir sýnt að einungis stöðuljós K-671 hafi logað eftir áreksturinn. Í gögnum málsins er ekki að finna skýringar stefnda Jóns Jóhannssonar á þessu. Að framangreindu virtu þykir mega við það miða að bifreiðinni K-671 hafi einungis verið ekið með stöðuljósum í greint sinn þrátt fyrir mótmæli stefnda Jóns. Þykir stefndi Jón með þessu háttalagi sínu eiga nokkra sök á árekstrinum.

Hæfilegt þykir að skipta sök þannig, að ökumaður K-671 beri $\frac{1}{3}$ hluta hennar, en stefnandi sjálfur $\frac{2}{3}$ hluta.

Ber samkvæmt þessu að dæma stefndu til að greiða stefnanda $\frac{1}{3}$ hluta tjóns hans eða kr. 51.667,00 ásamt vöxtum eins og krafist er, en í málinu er ekki tölulegur ágreiningur um kröfur stefnanda.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jón Jóhannsson og Samvinnuþryggingar g.t., greiði stefnanda, Guðmundi Péturssyni, in solidum kr. 51.667,00 ásamt 9% ársvöxtum frá 11. nóv. 1986 til 21. jan. 1987, 10% ársvöxtum frá þ.d. til 14. apríl s.á., en dráttarvöxtum samkv. 10. gr. 1. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. júní 1988.

Nr. 154/1988. **Jón Ó. Ragnarsson**

gegn

Iðnþróunarsjóði.

Kærumál. Skuldamál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. maí sl., sem barst Hæstarétti 25. s.m. Hann krefst þess aðallega að hinum kærða úrskurði verði hrundið og vitnaleiðslur verði heimilaðar í málinu, en til vara að heimilað verði að leiða tvö nafngreind vitni svo og að sóknaraðila verði heimil aðilaskýrsla fyrir dómi. Hann krefst kærumálskostnaðar.